



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FISKIDAGURINN MIKLI OG HANDVERKSHÁTÍÐ

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú heimsækja Norðurland í dag, föstudaginn 5. ágúst, og á morgun, laugardaginn 6. ágúst. Í ferðinni sækja þau Handverkshátíð á Hrafnagili og Fiskidaginn mikla á Dalvík.

Forsetahjón koma á Handverkshátíð og landbúnaðarsýninguna á Hrafnagili í Eyjafirði um klukkan 13:00 í dag og ganga um sýningarsvæðið undir leiðsögn skipuleggjenda en þar kynna margir aðilar, fyrirtæki og samtök fjölbreyttar afurðir og starfsemi.

Frá Hrafnagili liggur leiðin til Dalvíkur. Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar tekur á móti forsetahjónum við Dalbæ, dvalarheimili aldraðra í Dalvíkurbyggð kl. 15:30, kynnir starfsemina og að því loknu heilsa forsetahjón upp á heimilisfólk og starfsmenn. Þá verður komið við á leikskólanum Krílakoti áður en gengið verður til messu í Dalvíkurkirkju kl. 17:00. Í kjölfarið hefst dagskrá í kirkjubrekkunni sem markar upphaf Fiskidagsins mikla. Júlíus Júlíusson framkvæmdastjóri setur hátíðina, leikskólabörn syngja lög og viðstaddir taka höndum saman í vináttukeðju. Þá flytur forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson ræðu sem helguð er vináttukeðjunni.

Í kvöld munu forsetahjón ganga með sveitarstjóra milli heimila á Dalvík á fiskisúpukvöldinu, þiggja góðgerðir og spjalla við heimamenn og gesti.

Á morgun laugardag taka forsetahjón þátt í dagskrá Fiskidagsins mikla framundir hádegi.

5. ágúst 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).